

Ráðstöfunarfé ólíkra fjölskyldna sem hafa mismunandi tekjur, eftir tveimur leiðum

- a. Framfærsla barna er talin með, samkvæmt 11. og 12. gr. a reglnanna**
- b. Framfærsla barna er ekki talin með, samkvæmt 11. og 12. gr. b reglnanna**

INNGANGUR	3
1. GREIÐSLUR MEÐ BÖRNUM SEM Hafa ÁHRIF Á MAT Á FJÁRÞÖRF	6
1.1 BARNABÆTUR	6
Tafla 1. Óskertar barnabætur hjóna og einstæðra foreldra árið 2003	6
1.2 SKERÐING BARNABÓTA	6
1.3 MÆÐRA- OG FÉÐRALAUN	8
2. ÚTREIKNINGUR Á FJÁRÞÖRF OG FJÁRHAGSAÐSTOÐ	9
2.1 EINHLEYPUR, BARNLAUS OG ÁN TEKNA	9
Tafla 2. Tekjulaus einhleypingur	9
2.2 HJÓN/SAMBÚÐARFÓLK, BARNLAUS OG ÁN TEKNA	10
Tafla 3. Barnlaus hjón/sambúðarfólk bæði án tekna	10
2.2.1 Hjón/sambúðarfólk með eitt barn, án tekna	11
Tafla 4. Hjón/sambúðarfólk með eitt barn, bæði án tekna	11
2.2.2 Hjón/sambúðarfólk með eitt barn, annar maki án tekna og hinn með hálfar atvinnuleysisbætur	12
Tafla 5. Hjón/sambúðarfólk með eitt barn yngra en 7 ára, annar maki án tekna og hinn með hálfar atvinnuleysisbætur	12
2.2.3 Hjón/sambúðarfólk með eitt barn, annað með fullar atvinnuleysisbætur, hitt með hálfar atvinnuleysisbætur	13
Tafla 6. Hjón/sambýlifsfolk með barn yngra en 7 ára, annað með fullar atvinnuleysisbætur, hitt með hálfar atvinnuleysisbætur	13
2.2.4 Hjón/sambúðarfólk með tvö börn, annað yngra en 7 ára, annar maki með hálfar atvinnuleysisbætur, hinn 75% öryrki	14
Tafla 7. Hjón/sambýlifsfolk með tvö börn, annað yngra en 7 ára, tekjur eru hálfar atvinnuleysisbætur auk greiðslur frá TR vegna 75% örorku	14
2.2.5 Hjón/sambúðarfólk með 3 börn, eitt yngra en 7 ára, annað með hálfar atvinnuleysisbætur og hitt 75% öryrki	15
Tafla 8. Hjón/sambýlifsfolk með þrjú börn, eitt yngra en 7 ára, tekjur eru hálfar atvinnuleysisbætur auk greiðslur frá TR vegna 75% örorku	15
2.2.6 Hjón/sambúðarfólk með þrjú börn, eitt yngra en 7 ára, bæði án tekna	16
Tafla 9. Hjón/sambýlifsfolk með þrjú börn, eitt yngra en 7 ára, engar tekjur	16
2.3 EINSTÆDIR FORELDRAR	17
2.3.1 Einstætt foreldri með þrjú börn, eitt yngra en 7 ára, án tekna	17
Tafla 10. Einstætt foreldri með þrjú börn (eitt yngra en 7 ára), án tekna	17
2.3.2 Einstætt foreldri með tvö börn, annað yngra en 7 ára, án tekna	18
Tafla 11. Einstætt foreldri með tvö börn, annað yngra en 7 ára, án tekna	18
2.3.3 Einstætt foreldri með eitt barn milli 7 og 16 ára aldurs, án tekna	19
Tafla 12. Einstætt foreldri með eitt barn milli 7 og 16 ára aldurs, án tekna	19
2.3.4 Einstætt foreldri með eitt barn milli 7 og 16 ára aldurs, og fær hálfar atvinnuleysisbætur	20
Tafla 13. Einstætt foreldri með eitt barn milli 7 og 16 ára aldurs, hálfar atvinnuleysisbætur	20
2.3.5 Einstætt foreldri 75% öryrki, með tvö börn, annað yngra en 7 ára	21
Tafla 14. Einstætt foreldri með tvö börn, annað yngra en 7 ára, tekjur eru greiðslur frá TR vegna örorku 75%	21
3. SAMANTEKT	22
Tafla 15. Ráðstöfunarfé fjölskyldna eftir leið a og b og mismunur þessara leiða	22
Tafla 16. Áætluð fjárhagsaðstoð sveitarfélaga leið a og b og mismunur þessar leiða	23

Inngangur

Hér er skoðaður munur á ráðstöfunarfé og áætlaðri fjárhagsaðstoð samkvæmt leiðbeiningum um reglur um fjárhagsaðstoð, fyrir mismunandi fjölskyldugerðir. Í leiðbeiningunum er grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar reiknuð samkvæmt eftirtöldum mánaðargreiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins (TR), elli- og örorkulífeyri, tekjutryggingu örorkulífeyrisþega og heimilisuppbót. Í mars 2003 var upphæð þessara greiðslna frá TR eftirfarandi:

- Elli- og örorkulífeyrir — 20.630 kr.
- Tekjutrygging örorkulífeyrisþega — 39.493 kr.
- Heimilisuppbót — 16.960 kr.
- **Samtals: 77.083 kr.** á mánuði.

Í eftirfarandi dæmum er gert ráð fyrir að áætluð mánaðarleg fjárhagsaðstoð sé 77.083 kr., hér eftir kölluð **grunnfjárhæð** fjárhagsaðstoðar.

Í leiðbeiningunum er gert ráð fyrir tvenns konar leiðum þegar metin er fjárþörf einstaklinga fyrir fjárhagsaðstoð. Annars vegar er framfærsla barna talin með og hins vegar er framfærsla barna ekki talin með. Í reglunum er leið a sú leið þegar *framfærsla barna er talin með* og leið b er sú leið þegar *framfærsla barna er ekki talin með*, sbr. 11. og 12. gr. leiðbeininganna. Ákvörðun fjárhagsaðstoðar er mismunandi samkvæmt þessum tveimur leiðum. Samkvæmt leið a, þar sem framfærsla barna er talin með, hækkar grunnfjárhæðin eftir því sem börnum undir 18 ára aldri fjölgar í fjölskyldu umsækjanda fjárhagsaðstoðar, sbr. 11. gr. a í reglunum.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar samkvæmt leið a, sbr. 11. gr. a, framfærsla barna talin með

Fjölskyldustærð	Hækkun grunnfjárhæðar	Grunnfjárhæð
Einstaklingur	X 1	77.083 kr.
Tveggja manna fjölskylda	X 1,6	123.333 kr.
Þriggja manna fjölskylda	X 1,8	138.750 kr.
Fjögurra manna fjölskylda	X 2,0	154.166 kr.
Fimm manna fjölskylda	X 2,2	169.583 kr.

Samkvæmt leið a eru taldar til tekna hjá umsækjanda allar greiðslur sem koma til vegna barna, svo sem barnabætur, meðlag o.fl., sbr. 12. gr. a reglnanna. **Undantekning er að umönnunargreiðslur vegna barna frá TR teljast ekki til tekna við mat á fjárþörf.** Miðað er við heildartekjur, þ.e. tekjur áður en skattur hefur verið dreginn af. Tekjur samkvæmt leið a eru taldar upp hér á eftir.

Tekjur er koma til frádráttar samkvæmt leið a, sbr. 12. gr.

- Allar tekjur/greiðslur umsækjanda og maka, ef við á, í umsóknarmánuði og mánuðinum þar á undan, eru taldar með, svo sem:
 - atvinnutekjur,
 - allar greiðslur frá TR nema umönnunarbætur,
 - meðlög,
 - barnabætur,
 - mæðra-/feðralaun,
 - greiðslur úr Atvinnuleysistryggingarsjóði eða Tryggingarsjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga,
 - atvinnuleysisbætur,
 - leigutekjur o.s.frv.

Samkvæmt leið a eru því allar tekjur/greiðslur fjölskyldunnar taldar til tekna hjá umsækjanda.

Samkvæmt leið b þar sem ekki er tekið tillit til fjölda barna við ákvörðun á fjárþörf skiptir einvörðungu máli hvort umsækjandi er einhleypur eða í sambúð/giftur.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar samkvæmt leið b, sbr. 11. gr. b, framfærsla barna ekki talin með

Fjölskyldustærð	Hækkun grunnfjárhæðar	Grunnfjárhæð
Einstaklingur	X 1	77.083 kr.
Hjón/sambúðarfólk	X 1,6	123.333 kr.

Samkvæmt leið b er ekki tekið tillit til greiðslna/tekna umsækjanda sem eru til komnar vegna barna, enda er ekki tekið tillit til framfærslu þeirra við mat á fjárþörf.

Tekjur er koma til frádráttar samkvæmt leið b, sbr. 12. gr.

- Allar tekjur/ greiðslur umsækjanda og maka, ef við á, í umsóknarmánuði og mánuðinn þar á undan, svo sem:
 - atvinnutekjur,
 - allar greiðslur frá TR nema greiðslur vegna barna,
 - greiðslur úr Atvinnuleysistryggingarsjóði eða Tryggingarsjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga,
 - atvinnuleysisbætur,
 - leigutekjur o.s.frv.

Í dæmunum hér á eftir eru áhrifin sem tekjur hafa á mat á fjárþörf sýnd, eftir þessum tveimur leiðum, hjá þremur mismunandi tekjuhópum:

1. 75% öryrkjum,
2. Atvinnulausum er eiga rétt á greiðslum úr Atvinnuleysistryggingarsjóði,
3. og hjá þeim sem eru án allra tekna.

Gert er ráð fyrir að 75% öryrki fái eftirfarandi greiðslur frá Tryggingarstofnun ríkisins:

- **örorkulífeyri** að fjárhæð 20.630 kr.
- **tekjutryggingu**, að fjárhæð 39.493 kr.
- **lægri tekjutryggingarauka** *hjá hjónum* að fjárhæð 14.066 kr.
- **hærri tekjutryggingarauka** *hjá einhleypingum* að fjárhæð 18.000 kr.
- **heimilisuppbót** fengi *einhleypingur* að fjárhæð 16.960 kr.
- **barnalífeyri** að fjárhæð 15.558 kr. fyrir hvert barn
(Tölur frá TR í mars 2003)

Í þeim dæmum þar sem fjárþörf atvinnulausra er skoðuð er annars vegar gert ráð fyrir að umsækjandi eigi rétt á fullum greiðslum frá Atvinnuleysistryggingarsjóði og hins vegar hálfum greiðslum. Upplýsingar um fjárhæð greiðslna voru fengnar frá Vinnumálastofnun 1. janúar 2003. Samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar er gert ráð fyrir að einstaklingur með 100% rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta fái 3.574 kr. fyrir hvern dag. Áætlað er að fjöldi daga í meðalmánuði sé 21.6 talsins. Af dagpeningum greiðir viðkomandi 4% í lífeyrissjóð. Ef atvinnulaus einstaklingur á börn bætast við 4% fyrir hvert barn og síðan eru dregin frá 4% í lífeyrissjóð. Greiðsla í lífeyrissjóð er fyrst dregin af heildar fjárhæð dagpenings (er fer eftir fjölda barna) áður en margfaldað er með 21.6 til að fá út greiðslu í meðalmánuði. Sá sem á hálfan bótarétt fær helming þeirrar fjárhæðar.

1. Greiðslur með börnum sem hafa áhrif á mat á fjárförf

1.1 Barnabætur

Barnabætur eru að mestu tekjutengdar en ekki eignatengdar. Þær eru ákvarðaðar samkvæmt skattframtali og greiddar eftirá. Barnabætur eru greiddar með börnum til 16 ára aldurs. Á árinu 2003 eru greiddar bætur með börnum sem fædd eru á tímabilinu 1987–2002. Við ákvörðun barnabóta árið 2003 er miðað við fjölskyldustöðu eins og hún er í þjóðskrá 31. desember 2002 en breytingar innan ársins 2002 hafa ekki áhrif. Þannig fær sá sem hefur barnið hjá sér í árslok 2002 barnabæturnar og skiptir þá ekki máli hvort barnið hafi verið á framfæri hans allt árið eða hluta úr ári. Upplýsingar um greiðslu barnabóta voru fengnar frá upplýsingavef ríkisskattstjóra www.rsk.is í mars 2003. Stuðst var við reiknivél vefsins til að reikna fjárhæð bóta fyrir mismunandi tekjuhópa og fjölskyldur.

Tafla 1. Óskertar barnabætur hjóna og einstæðra foreldra árið 2003

Óskertar barnabætur hjóna árið 2003 voru:	kr.
Með fyrsta barni	120.248
Með hverju barni umfram eitt	143.135
Viðbót vegna barna yngri en 7 ára*	35.422
Óskertar barnabætur einstæðra foreldra:	
Með fyrsta barni	200.281
Með hverju barni umfram eitt	205.448
Viðbót vegna barna yngri en 7 ára*	35.422

* Þessi hluti barnabótanna er ekki tekjutengdur.

1.2 Skerðing barnabóta

Hjá hjónum og sambúðarfólki reiknast skerðing vegna tekna af samanlögðum tekjustofni umfram 1.408.916 kr. og hjá einstæðu foreldri af tekjustofni umfram 704.459 kr. Sé um að ræða eitt barn skerðast barnabætur um 3% af tekjum umfram þessi mörk, ef börnin eru tvö um 7% og ef börnin eru þrjú eða fleiri um 9%.

Hjá hjónum byrja barnabætur að skerðast ef samanlagðar mánaðarlegar tekjur þeirra fara yfir 117.410 kr.

Hjá **einstæðum foreldrum** byrja barnabætur að skerðast ef mánaðarlegar tekjur fara yfir 58.705 kr.

Tekjustofn til útreiknings barnabóta er frábrugðinn tekjuskattsstofni að því leyti að fjármagnstekjur, aðrar en vaxtatekjur, eru taldar með og frádráttur vegna fjárfestingar í hlutabréfum lækkar ekki stofninn. Laun frá alþjóðastofnunum sem ekki eru skattlögð koma inn í tekjustofn til útreiknings á barnabótum.

Fyrirframgreiðsla barnabóta

Fyrirframgreiðslan nemur 50% af áætluðum barnabótum ársins og greiðist með tveimur jöfnum greiðslum, 1. febrúar og 1. maí. Við ákvörðun á fyrirframgreiðslu er tekið mið af upplýsingum úr staðgreiðsluskrá um launatekjur framfæranda. Við uppgjör í ágúst er fyrirframgreiðslan dregin frá barnabótum eins og þær eru ákvarðaðar í álagningu. Eftirstöðvar eru greiddar út 1. ágúst og 1. nóvember.

Barnabætur hjóna

Við álagningu skiptast barnabætur jafnt á milli hjóna og sama gildir um áætlaða fyrirframgreiðslu. Eigi hjón ekki sama lögheimili greiðast barnabæturnar til þess foreldris sem börnin eru skráð hjá enda liggi fyrir upplýsingar um tekjur beggja. Sömu reglur gilda um pör í staðfestri samvist sem hafa börn á framfæri.

Barnabætur sambúðarfólks

Barnabætur sambúðarfólks sem uppfyllir skilyrði fyrir samsköttun í lok tekjuárs skiptast á milli þeirra eins og hjá hjónum, hvort sem þau óska samsköttunar eða ekki. Við ákvörðun á fjárhæð bótanna er miðað við samanlagðar tekjur og eignir samkvæmt skattframtölum beggja. Skilyrði fyrir samsköttun eru að sambúðin hafi varað samfellt í eitt ár, sambúðarfólkið eigi barn saman eða að konan sé þunguð.

Barnabætur einstæðra foreldra

Einstætt foreldri fær greiddar óskiptar barnabætur með börnunum sem það hefur á framfæri. Með einstæðu foreldri er átt við þá sem hafa börn sín hjá sér og einir annast framfærslu þeirra. Það foreldri sem ekki hefur börnin hjá sér, en greiðir meðlag, fær ekki greiddar barnabætur. Í Þjóðskrá er engin sérmerking fyrir einstæða foreldra. Til að staðfesta að framteljandi sé einstætt foreldri þarf hann að merkja í þar til gerðan reit á skattframtali.

Sameiginlegt forræði

Barnabætur fær sá sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Sameiginlegt forræði hefur ekki áhrif þar á. Hafi foreldrar sameiginlegt forræði fær það foreldri barnabæturnar sem börnin eiga lögheimili hjá.

Barnabætur eru ekki skattskyldar tekjur og ekki þarf að gera grein fyrir þeim á skattframtali.

1.3 Mæðra- og feðralaun

Mæðralaun/feðralaun er heimilt að greiða einstæðum foreldrum sem eru búsett á Íslandi og **hafa á framfæri tvö börn sín** eða fleiri undir 18 ára aldri. Þannig eiga hjón/sambúðarfólk ekki rétt á mæðra- eða feðralaunum, einungis einstæðir foreldrar með fleiri en eitt barn á framfæri sínu. Mæðra- og feðralaun eru skattskyld. Upphæð mæðra –eða feðralauna hækkar ekki þrátt fyrir að börn séu fleiri en þrjú. Þannig er hámarks upphæð mæðra- eða feðralauna 11.782 kr. á mánuði miðað við tölur TR frá mars 2003.

Mánaðarleg fjárhæð mæðra/feðralauna: *

- vegna tveggja barna – 4.532 kr.
- vegna þriggja barna – 11.782 kr.

* Tölur frá TR í mars 2003

2. Útreikningur á fjárför og fjárhagsaðstoð

Í þessum kafla er greint frá því hvernig leiðirnar tvær, a og b, leiða til mismunandi niðurstöðu fyrir ólíkar fjölskyldugerðir og tekjuhópa. Sýnt er annars vegar hver fjárhagsaðstoð gæti orðið til mismunandi fjölskyldna og hins vegar hverjar ráðstöfunartekjur fjölskyldnanna verða miðað við leiðirnar tvær. Tilbúin raunhæf dæmi, fyrir alls 13 mismunandi fjölskylduaðstæður eru notuð til að sýna þetta. Þar sem um er að ræða:

- Einhleyping,
- hjón og sambúðarfólk með og án barna og svo
- einstætt foreldri.

Í öllum dæmunum hér á eftir er tekið tillit til álagðs skatts, svo sem af áætlaðri fjárhagsaðstoð, bótum frá TR eða greiðslna úr Atvinnuleysistryggingarsjóði. Gert er ráð fyrir að persónuafsláttur sé ónýttur og fjárhæð hans sé 26.826 kr. (persónuafsláttur á mánuði á árinu 2003) og að skatthlutfall sé 38,55%. Þar sem fjallað er um ráðstöfunarfé er þannig reiknaður skattur (38,55%) af öllum skattskyldum launum/bótum og síðan er dreginn frá persónuafsláttur af reiknuðum skatti.

2.1 Einhleypur, barnlaus og án tekna

Tafla 2. Tekjulaus einhleypingur

	11. gr. a	11. gr. b
Tekjur	0 kr.	0 kr.
Grunnfjárhæð	77.083 kr.	77.083 kr.
Áætluð fjárhagsaðstoð	77.083 kr.	77.083 kr.
Skattstofn	77.083 kr.	77.083kr.
- Skattur 38,55%	29.715 kr.	29.715 kr.
- Persónuafsláttur 26.825 kr.	26.825 kr.	26.825 kr.
- Reiknaður skattur	2.890 kr.	2.890 kr.
Ráðstöfunarfé	74.193 kr.	74.193 kr.

Enginn munur er milli leiða a og b ef umsækjandi er einhleypur og barnlaus.

2.2 Hjón/sambúðarfólk, barnlaus og án tekna

Fjárhagsaðstoð tveggja manna fjölskyldna er reiknuð með margfeldinu 1,6 af grunnfjárhæðinni: $1,6 \times 77.083 \text{ kr.} = 123.333 \text{ kr.}$

Tafla 3. Barnlaus hjón/sambúðarfólk bæði án tekna

	11. gr. a	11. gr. b
Tekjur	0 kr.	0 kr.
Tekjur til frádráttar	0 kr.	0 kr.
Grunnfjárhæð	123.333 kr.	123.333 kr.
Áætluð fjárhagsaðstoð	123.333 kr.	123.333 kr.
Skattstofn	123.333 kr.	123.333 kr.
- Skattur 38,55%	47.545 kr.	47.545 kr.
- Persónuafsláttur 2 x 26.825 kr.	53.650 kr.	53.650 kr.
- Reiknaður skattur*	0 kr.	0 kr.
Ráðstöfunarfé	123.333 kr.	123.333 kr.

*Bæði með ónýttan persónuafslátt, því reiknast enginn skattur reiknaður.

Enginn munur er á milli leiðar a og b þegar um barnlaus hjón er að ræða.

2.2.1 Hjón/sambúðarfólk með eitt barn, án tekna

Þessi hjón/sambúðarfólk fá óskertar tekjutengdar barnabætur að fjárhæð 120.248 kr. að auki fá þau ótekjutengdar barnabætur fyrir börn yngri en sjö ára að fjárhæð 35.422 kr. Í heild fá þau því 155.670 kr. á ári í barnabætur eða 12.973 kr. á mánuði (ath. greiðsla barnabóta er ársfjórðungslega og yrði því 38.918 kr. í hverjum ársfjórðungi en hér er ársfjárhæðinni deilt á hvern mánuð ársins. Rétt er að benda einnig má að fjárhæð barnabóta skipt jafnt á milli hjóna en hér er þó skoðuð heildarfjárhæð hjónanna í hverjum mánuði). Mæðra- og feðralaun greiðast ekki vegna eins barns, og hjón eiga ekki rétt á mæðra- og feðralaunum vegna barna. Samkvæmt leið a er grunnfjárhæð þriggja manna fjölskyldu reiknuð með stuðlinum 1,8 x grunnfjárhæð: 1,8 x 77.083 kr. = 138.750 kr. Samkvæmt leið a eru allar greiðslur með börnum¹ reiknaðar til tekna. Mánaðarlega fá þessi hjón 12.973 kr. í barnabætur er koma til frádráttar á grunnfjárhæð samkvæmt leið a, þ.e. 138.750 kr. – 12.973 kr. = 125.777 kr.

Tafla 4. Hjón/sambúðarfólk með eitt barn, bæði án tekna

	11. gr. a	11. gr. b
Tekjur	0 kr.	0 kr.
Greiðslur vegna barna		
- Barnabætur	12.973 kr.	12.973 kr.
Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar	138.750 kr.	123.333 kr.
- Tekjur til frádráttar	12.972 kr.	0 kr.
Áætluð fjárhagsaðstoð	125.777 kr.	123.333 kr.
Skattstofn	125.777 kr.	123.333 kr.
- Skattur 38,55%	48.487 kr.	47.545 kr.
- Persónuafsláttur 2 x 26.825 kr.	53.650 kr.	53.650 kr.
- Reiknaður skattur	0 kr.	0 kr.
Ráðstöfunarfé	138.750 kr.	136.306 kr.
- Þar af barnabætur	12.973 kr.	12.973 kr.
- Þar af fjárhagsaðstoð	125.777 kr.	123.333 kr.

¹ Ekki umönnunarbætur með börnum frá TR.

2.2.2 Hjón/sambúðarfólk með eitt barn, annar maki án tekna og hinn með hálfar atvinnuleysisbætur

Mánaðarlegar tekjur þessara hjóna eru hálfar atvinnuleysisbætur eða 38.534 kr. í heild, þar af eru greiðslur úr Atvinnuleysistryggingarsjóði vegna barna 1.479 kr. Allar greiðslur úr Atvinnuleysistryggingarsjóði eru skattskyldar tekjur og reiknast því heildargreiðslur úr sjóðnum þegar barnabætur eru reiknaðar (tekjur þeirra eru þó það lágar að þær hafa ekki áhrif á greiðslu barnabóta). Mánaðarlegar barnabætur eru 12.973 kr. Samkvæmt leið a kæmu því barnabæturnar 12.973 kr. og greiðslur úr Atvinnuleysistryggingarsjóði vegna barna (1.479 kr.), sem og aðrar greiðslur úr Atvinnuleysistryggingarsjóði, 37.055 kr., samtals 51.507 kr. til frádráttar en 37.055 kr. samkvæmt leið b. Mæðra- og feðralaun greiðast ekki vegna eins barns og hjón eiga ekki rétt á mæðra- og feðralaunum .

Tafla 5. Hjón/sambúðarfólk með eitt barn yngra en 7 ára, annar maki án tekna og hinn með hálfar atvinnuleysisbætur

	11. gr. a	11. gr. b
Tekjur	37.055 kr.	37.055 kr.
Greiðslur vegna barna	14.452 kr.	14.452 kr.
- Þar af barnabætur	12.973 kr.	12.973 kr.
- Þar af vegna barna frá atvinnuleysistryggingarsjóði*	1.479 kr.	1.479 kr.
Tekjur til frádráttar	51.507 kr.	37.055 kr.
Grunnfjárhæð	138.750 kr.	123.333 kr.
Áætluð fjárhagsaðstoð	87.243 kr.	86.278 kr.
Skattstofn*	125.777 kr.	124.812 kr.
- Skattur 38,55%	48.487 kr.	48.014 kr.
- Persónuafsláttur 2 x 26.825 kr.	53.650 kr.	53.650 kr.
- Reiknaður skattur	0 kr.	0 kr.
Ráðstöfunarfé	138.750 kr.	137.785 kr.
- Þar af greiðslur vegna barna	14.452 kr.	14.452 kr.
- Þar af fjárhagsaðstoð	87.243 kr.	86.278 kr.
- Þar af greiðslur úr atvinnuleysistryggingarsjóði	37.055 kr.	37.055 kr.

* Engar greiðslur atvinnuleysisbóta er undanþegnar skatti, þannig eru líka skattlagðar greiðslur vegna barna. Skattstofn er því allar greiðslur úr Atvinnuleysistryggingarsjóði og áætluð fjárhagsaðstoð.

2.2.3 Hjón/sambúðarfólk með eitt barn, annað með fullar atvinnuleysisbætur, hitt með hálfar atvinnuleysisbætur

Líkt og í dæmunum hér á undan er barn þessara hjóna yngra en 7 ára og fá þau því ótekjutengdar barnabætur fyrir börn yngri en 7 ára. Annað þeirra á rétt á fullum greiðslum frá Atvinnuleysistryggingarsjóði og hitt er með hálfan bótarétt. Heildartekjur heimilisins eru því samtals (án greiðslna vegna barna) 37.055 kr. + 74.110 kr., eða samtals 111.165 kr. frá Atvinnuleysistryggingarsjóði. Þessi hjón fá óskertar barnabætur, árlega 155.671 kr. eða 12.973 kr. á mánuði (tekjur þeirra hafa ekki áhrif á tekjutengdan hluta barnabóta). Mánaðarleg viðbót frá Atvinnuleysistryggingarsjóði vegna barna er 2.959 kr. fyrir þann er á rétt á fullum atvinnuleysisbótum og maki með hálfan bótarétt fær 1.479 kr.. Alls nema greiðslur atvinnuleysisbóta vegna barna 4.438 kr. Mæðra- og feðralaun greiðast ekki vegna eins barns og hjón eiga ekki rétt á mæðra- eða feðralaunum, eins og áður segir.

Tafla 6. Hjón/sambýlisfólk með barn yngra en 7 ára, annað með fullar atvinnuleysisbætur, hitt með hálfar atvinnuleysisbætur

	11. gr. a	11.gr. b
Tekjur	111.165 kr.	111.165 kr.
Greiðslur vegna barna	17.411 kr.	17.411 kr.
- Þar af barnabætur	12.973 kr.	12.973 kr.
- Þar af vegna barna frá atvinnuleysistrsj.	4.438 kr.	4.438 kr.
Tekjur til frádráttar	128.576 kr.	111.165 kr.
Grunnfjárhæð	138.750 kr.	123.333 kr.
Áætluð fjárhagsaðstoð	10.174 kr.	12.168 kr.
Skattstofn*	125.777 kr.	127.771 kr.
- Skattur 38,55%	48.487 kr.	49.256 kr.
- Persónuafsláttur 2 x 25.825 kr.	53.650 kr.	53.650 kr.
- Reiknaður skattur	0 kr.	0 kr.
Ráðstöfunarfé	138.750 kr.	140.744 kr.
- Þar af greiðslur vegna barna	17.411 kr.	17.411 kr.
- Þar af aðrar greiðslur úr atvinnuleysistrsj.	111.165 kr.	111.165 kr.
- Þar af fjárhagsaðstoð	10.174 kr.	12.168 kr.

* Engar greiðslur úr Atvinnuleysistryggingarsjóði eru undanþegnar skatti, þannig eru líka skattlagðar greiðslur vegna barna. Skattstofn er því allar greiðslur atvinnuleysisbóta og áætluð fjárhagsaðstoð.

2.2.4 Hjón/sambúðarfólk með tvö börn, annað yngra en 7 ára, annar maki með hálfar atvinnuleysisbætur, hinn 75% öryrki

Í þessu dæmi er annað barnið yngra en 7 ára en hitt milli 7 og 16 ára. Tekjur þessara hjóna eru hálfar atvinnuleysisbætur og bætur frá TR. Fullar atvinnuleysisbætur (að frádræmnum lífeyrissjóði 4%) eru samtals 74.110 kr., þar af vegna barna eru 5.932 kr. Hálfar atvinnuleysisbætur eru því 37.055 kr. og vegna barna 2.966 kr. 75% öryrki í sambúð fær frá TR 74.189 kr. (gert er ráð fyrir að hann fengi óskertan örorkulífeyri, tekjutryggingu og lægri tekjutryggingarauka en ætti ekki rétt á heimilisuppbót þar sem hann er giftur eða í sambúð). Í þessu dæmi fær hann barnalífeyri frá TR 31.116 kr. eða í heild 105.305 kr. frá TR fyrir skatt. Heildartekjur þessara hjóna eru því, án greiðslna vegna barna, eru 111.244 kr. Skattur er ekki tekinn af barnalífeyrisgreiðslum öryrkja og reiknast ekki sem tekjur þegar barnabætur eru reiknaðar samkvæmt skattframtali. Barnabætur þeirra yrðu því 298.805 kr. á ári eða 24.900 kr. á mánuði. Hjón eiga ekki rétt á mæðra- og feðralaunum, eins og áður segir. Allar greiðslur úr Atvinnuleysistryggingarsjóði, eftir að búíð er að greiða í lífeyrissjóð 4%, eru skattskyldar og þannig einnig greiðslur vegna barna (þ.e.a.s. 96% greiðslna úr Atvinnuleysistryggingarsjóð eru skattskyldar, eftir að 4% hafa verið dregin frá í lífeyrissjóð).

Tafla 7. Hjón/sambýlisfólk með tvö börn, annað yngra en 7 ára, tekjur eru hálfar atvinnuleysisbætur auk greiðslur frá TR vegna 75% örorku

	11. gr. a	11. gr. b
Tekjur	111.165 kr.	111.165 kr.
Greiðslur vegna barna*	58.982 kr.	58.982 kr.
- Þar af barnabætur	24.900 kr.	24.900 kr.
- Þar af vegna barna frá atvinnuleysistrsj.	2.966 kr.	2.966 kr.
- Þar af barnalífeyrir frá TR	31.116 kr.	31.116 kr.
Tekjur til frádráttar	170.147 kr.	111.165 kr.
Grunnfjárhæð	154.166 kr.	123.333 kr.
Áætluð fjárhagsaðstoð	0 kr.	12.165 kr.
Skattstofn	114.131 kr.	126.296 kr.
- Skattur 38,55%	43.997 kr.	48.687 kr.
- Persónuafsláttur 2 x 25.825 kr.	53.650 kr.	53.650 kr.
- Reiknaður skattur	0 kr.	0 kr.
Ráðstöfunarfé	170.226 kr.	182.391 kr.
- Þar af greiðslur vegna barna**	58.982 kr.	58.982 kr.
- Þar af aðrar greiðslur frá atvinnuleysistrsj.	37.055 kr.	37.055 kr.
- Þar af fjárhagsaðstoð	0 kr.	12.165 kr.
- Þar af greiðslur vegna örorku frá TR	74.189 kr.	74.189 kr.

* Engar greiðslur atvinnuleysisbóta er undanþegnar skatti, þannig eru líka skattlagðar greiðslur vegna barna. Skattstofn er því allar greiðslur atvinnuleysisbóta og áætluð fjárhagsaðstoð.

** Greiðslur vegna barna frá TR og Atvinnuleysistryggingarsjóði eru taldar hér með. Aðrar greiðslur frá TR og vegna atvinnuleysis eru taldar þar á eftir.

2.2.5 Hjón/sambúðarfólk með 3 börn, eitt yngra en 7 ára, annað með hálfar atvinnuleysisbætur og hitt 75% öryrki

Í þessu dæmi er eitt barnið yngra en 7 ára en hin tvö milli 7 og 16 ára aldurs. Fullar atvinnuleysisbætur eru 74.109 kr., en hálfar 37.055 kr., og greiðslur vegna barna eru 8.899 kr. (á mánuði) og er helmingur þess 4.450 kr. Öryrkinn fengi 74.189 kr. frá TR auk 46.674 kr. í barnalífeyri, eða samtals 120.863 kr. í heild frá TR. Mánaðarlegar tekjur þeirra er kæmu til útreiknings barnabóta yrðu 115.614 kr. (greiðslur frá TR utan barnalífeyris og heildar greiðslur úr Atvinnuleysistryggingarsjóði). Tekjur þeirra hefðu þó ekki áhrif á tekjutengdar barnabætur og heildarbarnabætur þeirra yrðu árlega 441.940 kr. eða um 36.828 kr. á mánuði.

Tafla 8. Hjón/sambýlisfólk með þrjú börn, eitt yngra en 7 ára, tekjur eru hálfar atvinnuleysisbætur auk greiðslur frá TR vegna 75% örorku

	11. gr. a	11. gr. b
Tekjur	111.244 kr.	111.244 kr.
Greiðslu vegna barna	87.952 kr.	87.952 kr.
- Þar af barnabætur	36.828 kr.	36.828 kr.
- Þar af vegna barna frá atvinnuleysistrsj.	4.450 kr.	4.450 kr.
- Þar af barnalífeyrir frá TR	46.674 kr.	46.674 kr.
Grunnfjárhæð	169.583 kr.	123.333 kr.
Tekjur til frádráttar	199.196 kr.	111.244 kr.
Áætluð fjárhagsaðstoð	0 kr.	12.089 kr.
Skattstofn	115.694 kr.	127.783 kr.
- Skattur 38,55%	44.600 kr.	49.260 kr.
- Persónuafsláttur 2 x 25.825 kr.	53.650 kr.	53.650 kr.
- Reiknaður skattur	0 kr.	0 kr.
Ráðstöfunarfé	199.116 kr.	211.205 kr.
- Þar af greiðslur vegna barna	87.952 kr.	87.952 kr.
- Þar af fjárhagsaðstoð	0 kr.	12.089 kr.
- Þar af greiðslur vegna örorku frá TR	74.109 kr.	74.109 kr.
- Þar af greiðslur frá atvinnuleysistrsj.	37.055 kr.	37.055 kr.

2.2.6 Hjón/sambúðarfólk með þrjú börn, eitt yngra en 7 ára, bæði án tekna

Þessi hjón eru tekjulaus og eiga þrjú börn þar sem eitt þeirra er yngra en 7 ára en hin tvö milli 7 og 16 ára aldurs. Þau fengju fullar barnabætur 441.940 kr. á ári eða um 36.828 kr. á mánuði. Samkvæmt leið a er reiknuð fjárhagsaðstoð fyrir fimm manna fjölskyldu: $2,2 \times 77.083 \text{ kr.} = 169.583 \text{ kr.}$

Tafla 9. Hjón/sambýlisfólk með þrjú börn, eitt yngra en 7 ára, engar tekjur

	11. gr. a	11. gr. b
Tekjur	0 kr.	0 kr.
Greiðslur vegna barna		
- Barnabætur	36.828 kr.	36.828 kr.
Tekjur til frádráttar	36.828 kr.	0 kr.
Grunnfjárhæð	169.583 kr.	123.333 kr.
Áætluð fjárhagsaðstoð	132.755 kr.	123.333 kr.
Skattstofn	132.755 kr.	123.333 kr.
- Skattur 38,55%	51.177 kr.	47.545 kr.
- Persónuafsláttur 2 x 25.825 kr.	53.650 kr.	53.650 kr.
- Reiknaður skattur	0 kr.	0 kr.
Ráðstöfunarfé	169.583 kr.	160.161 kr.
- Þar af barnabætur	36.828 kr.	36.828 kr.
- Þar af fjárhagsaðstoð	132.755 kr.	123.333 kr.

2.3 Einstæðir foreldrar

2.3.1 Einstætt foreldri með þrjú börn, eitt yngra en 7 ára, án tekna

Foreldrið fengi óskertar tekjutengdar barnabætur og þar sem gert er ráð fyrir að eitt barnanna sé undir 7 ára aldri kæmu til viðbótar ótekjutengdar barnabætur fyrir börn yngri en 7 ára. Barnabætur þessa foreldris yrðu því samtals 646.599 kr. árlega vegna þriggja barna á þessum aldri eða um 53.883 kr. mánaðarlega. Foreldrið fengi meðlag með þremur börnum 3 x 15.558 kr. eða 46.474 kr. mánaðarlega. Það fengi mæðra-/feðralaun vegna þriggja barna = 11.782 kr. á mánuði. Fjögurra manna fjölskylda samkvæmt leið a er reiknuð 154.166 kr. í grunnfjárhæð.

Tafla 10. Einstætt foreldri með þrjú börn (eitt yngra en 7 ára), án tekna

	11. gr. a	11. gr. b
Tekjur	0 kr.	0 kr.
Greiðslur vegna barna	112.138 kr.	112.138 kr.
- Þar af barnabætur	53.883 kr.	53.883 kr.
- Þar af mæðralaun	11.782 kr.	11.782 kr.
- Þar af meðlag	46.474 kr.	46.474 kr.
Tekjur til frádráttar	112.138 kr.	0 kr.
Grunnfjárhæð	154.166 kr.	77.083 kr.
Áætluð fjárhagsaðstoð	42.028 kr.	77.083 kr.
Skattstofn	42.028 kr.	77.083 kr.
- Skattur 38,55%	16.202 kr.	29.715 kr.
- Persónuafsláttur 25.825 kr.	25.825 kr.	25.825 kr.
- Reiknaður skattur	0 kr.	3.890 kr.
Ráðstöfunarfé	154.167 kr.	185.332 kr.
- Þar af greiðslur vegna barna	112.138 kr.	112.138 kr.
- Þar af fjárhagsaðstoð	42.028 kr.	73.193 kr.

2.3.2 Einstætt foreldri með tvö börn, annað yngra en 7 ára, án tekna

Foreldrið fengi meðlag með tveimur börnum 2 x 15.558 kr. = 31.116 kr. á mánuði. Gert er ráð fyrir að annað barnið sé yngra en 7 ára og foreldrið fengi því í barnabætur, samtals að 441.151 kr. árlega eða 36.763 kr. á mánuði. Það fengi mæðra-/feðralaun með tveimur börnum, samtals 4.532 kr. á mánuði. Samtals yrðu greiðslur vegna barnanna því 72.411 kr. á mánuði.

Tafla 11. Einstætt foreldri með tvö börn, annað yngra en 7 ára, án tekna

	11. gr. a	11. gr. b
Tekjur	0 kr.	0 kr.
Greiðslur vegna barna	72.411 kr.	72.411 kr.
- Þar af barnabætur	36.763 kr.	36.763 kr.
- Þar af mæðralaun	4.532 kr.	4.532 kr.
- Þar af meðlag	31.116 kr.	31.116 kr.
Tekjur til frádráttar	72.411 kr.	0 kr.
Grunnfjárhæð	138.750 kr.	77.083 kr.
Áætluð fjárhagsaðstoð	66.339 kr.	77.083 kr.
Skattstofn	66.339 kr.	77.083 kr.
- Skattur 38,55%	25.574 kr.	29.715 kr.
- Persónuafsláttur 25.825 kr.	25.825 kr.	25.825 kr.
- Reiknaður skattur	0 kr.	3.890 kr.
Ráðstöfunarfé	138.750 kr.	145.604 kr.
- Þar af greiðslur vegna barna	72.411 kr.	72.411 kr.
- Þar af fjárhagsaðstoð	66.339 kr.	73.193 kr.

2.3.3 Einstætt foreldri með eitt barn milli 7 og 16 ára aldurs, án tekna

Í þessu dæmi er gert ráð fyrir að barnið sé eldra en 7 ára og því kæmu ekki til viðbótar barnabætur vegna barna yngri en 7 ára. Barnabætur yrðu 200.281 kr. á ári eða um 16.690 kr. á mánuði. Foreldrið fengi 15.558 kr. í meðlag á mánuði, en ekki eru greidd mæðra- eða feðralaun vegna eins barns.

Tafla 12. Einstætt foreldri með eitt barn milli 7 og 16 ára aldurs, án tekna

	11. gr. a	11. gr. b
Tekjur	0 kr.	0 kr.
Greiðslur vegna barna	32.248 kr.	32.248 kr.
- Þar af barnabætur	16.690 kr.	16.690 kr.
- Þar af meðlag	15.558 kr.	15.558 kr.
Tekjur til frádráttar	32.248 kr.	0 kr.
Grunnfjárhæð	123.333 kr.	77.083 kr.
Áætluð fjárhagsaðstoð	91.085 kr.	77.083 kr.
Skattstofn	91.085 kr.	77.083 kr.
- Skattur 38,55%	35.113 kr.	29.715 kr.
- Persónuafsláttur 25.825 kr.	25.825 kr.	25.825 kr.
- Reiknaður skattur	9.288 kr.	3.890 kr.
Ráðstöfunarfé	114.045 kr.	105.441 kr.
- Þar af greiðslur vegna barna	32.248 kr.	32.248kr.
- Þar af fjárhagsaðstoð	81.797 kr.	73.193 kr.

2.3.4 Einstætt foreldri með eitt barn milli 7 og 16 ára aldurs, og fær hálfar atvinnuleysisbætur

Foreldrið fengi 15.558 kr. í meðlag á mánuði, en ekki eru greidd mæðra- eða feðralaun vegna eins barns. Foreldrið fengi í óskertar barnabætur að fjárhæð 200.281 kr. árlega eða um 16.690 kr. mánaðarlega. Hálfar atvinnuleysisbætur á mánuði eru 37.055 kr. og greiðslur vegna barnsins yrðu 1.479 kr. aukalega á mánuði eða 38.534 kr. í heild á mánuði frá Atvinnuleysistryggingarsjóði.

Tafla 13. Einstætt foreldri með eitt barn milli 7 og 16 ára aldurs, hálfar atvinnuleysisbætur

	11. gr. a	11. gr. b
Tekjur	37.055 kr.	37.055 kr.
Greiðslur vegna barna	33.727 kr.	33.727 kr.
- Þar af barnabætur	16.690 kr.	16.690 kr.
- Þar af vegna barna frá atvinnuleysistrsj.	1.479 kr.	1.479 kr.
- Þar af meðlag	15.558 kr.	15.558 kr.
Tekjur til frádráttar	70.782 kr.	37.055 kr.
Grunnfjárhæð	123.333 kr.	77.083 kr.
Áætluð fjárhagsaðstoð	52.551 kr.	40.028 kr.
Skattstofn	91.085 kr.	78.562 kr.
- Skattur 38,55%	35.113 kr.	30.286 kr.
- Persónuafsláttur 25.825 kr.	25.825 kr.	25.825 kr.
- Reiknaður skattur	9.288 kr.	4.461 kr.
Ráðstöfunarfé	114.106 kr.	106.149 kr.
- Þar af greiðslur vegna barna*	33.727 kr.	33.727 kr.
- Þar af fjárhags.aðstoð**	43.324 kr.	35.367 kr.
- Þar frá atvinnuleysistrsj.	37.055 kr.	37.055 kr.

* Greiðslur úr Atvinnuleysistryggingarsjóði taldar með.

** Gert er ráð fyrir að skattur sé tekinn af fjárhagsaðstoðinni þar sem hluti af persónuafslætti hefur verið nýttur vegna atvinnuleysisbóta engu að síður er gert ráð fyrir að persónuafsláttur sé fullnýttur.

2.3.5 Einstætt foreldri 75% öryrki, með tvö börn, annað yngra en 7 ára

Gert er ráð fyrir að einhleypur 75% öryrki frá TR fengi óskertan örorkulífeyri 20.630 kr.; tekjutryggingu örorkulífeyrisþega 39.493 kr.; heimilisuppbót 16.960 kr. og lægri tekjutryggingarauka að fjárhæð 14.066 kr. Heildargreiðslu TR utan greiðslna vegna barna yrðu því 91.149 kr. auk 31.116 kr. í barnalífeyri vegna tveggja barna auk 4.532 kr. í mæðra- eða feðralaun, í heild 35.648 kr. frá TR vegna barna. Foreldrið fengi meðlag með báðum börnum samtals 31.116 kr. á mánuði. Allar greiðslur nema barnalífeyrir eru skattskyldar tekjur. Skattstofn þessa foreldris yrði því 95.681 kr. Barnabætur skerðast um 31.060 kr. vegna tekna og yrðu því 410.091 kr. árlega eða um 34.174 kr. á mánuði.

Tafla 14. Einstætt foreldri með tvö börn, annað yngra en 7 ára, tekjur eru greiðslur frá TR vegna örorku 75%

	11. gr. a	11. gr. b
Tekjur	91.149 kr.	91.149 kr.
Greiðslur vegna barna	100.938 kr.	100.938 kr.
- Þar af barnabætur	34.174 kr.	34.174 kr.
- Þar af meðlag	31.116 kr.	31.116 kr.
- Þar af frá vegna barna frá TR	35.648 kr.	35.648 kr.
Tekjur til frádráttar	192.087 kr.	91.149 kr.
Grunnfjárhæð	138.750 kr.	77.083 kr.
Áætluð fjárhagsaðstoð	0 kr.	0 kr.
Skattstofn	91.149 kr.	91.149 kr.
- Skattur 38,55%	35.137 kr.	35.137 kr.
- Persónuafsláttur 25.825 kr.	25.825 kr.	25.825 kr.
- Reiknaður skattur	9.313 kr.	9.313 kr.
Ráðstöfunarfé	183.092 kr.	183.092 kr.
- Þar af greiðslur vegna barna	101.256 kr.	101.256 kr.
- Þar af vegna örorku frá TR	81.836 kr.	81.836 kr.

3. Samantekt

Að lokum verður fjallað um framangreind dæmi í heild og annars vegar sýnt ráðstöfunarfé fjölskyldna miðað við leiðirnar tvær í töflu 15. Hins vegar er í töflu 16 dregin fram sú fjárhæð sem sveitarfélagið myndi greiða viðkomandi fjölskyldum eftir því hvor leiðin er farin.

Í töflu 15 er sýndur munur á heildarráðstöfunarfé fjölskyldna miðað við leið a og leið b hjá þeim fjölskyldugerðum er fjallað hefur verið um í dæmunum hér á undan. Einnig er sýndur mismunurinn á ráðstöfunarfé viðkomandi eftir því hvorri aðferðinni er beitt. Í töflunni er hærri fjárhæðin feitletruð.

Tafla 15. Ráðstöfunarfé fjölskyldna eftir leið a og b og mismunur þessara leiða

Fjölskyldugerðir	Ráðstöfunarfé		Mismunur
	11. gr. a	11. gr. b	
2. Einhleypur tekjulaus	74.193 kr.	74.193 kr.	0 kr.
3. Barnlaus hjóna án tekna	123.333 kr.	123.333 kr.	0 kr.
4. Hjón, 1 barn, án tekna	138.750 kr.	136.306 kr.	2.444 kr.
5. Hjón, 1 barn, ½ atvinnulb. og án tekna	138.750 kr.	137.785 kr.	965 kr.
6. Hjón, 1 barn, ½ atvinnulb. og fullar atvinnulb.	138.750 kr.	140.744 kr.	1.994 kr.
7. Hjón, 2 börn, ½ atvinnulb. og 75% öryrki	170.266 kr.	182.391kr.	12.125 kr.
8. Hjón, 3 börn ½ atvinnulb. og 75% öryrki	199.116 kr.	211.205 kr.	12.089 kr.
9. Hjón, 3 börn, án tekna	169.583 kr.	160.161 kr.	9.422 kr.
10. Einstæðir foreldrar, 3 börn, án tekna	154.167 kr.	185.332 kr.	31.165 kr.
11. Einstæðir foreldrar, 2 börn, án tekna	138.750 kr.	145.604 kr.	6.854 kr.
12. Einstæðir foreldrar, 1 barn, án tekna	114.045 kr.	105.441 kr.	8.604 kr.
13. Einstæðir foreldrar, 1 barn, ½ at.leysisbætur	114.106 kr.	106.149 kr.	7.957 kr.
14. Einstæðir foreldrar, 2 börn, 75% öryrki	183.092 kr.	183.092 kr.	0 kr.

Í töflu 16 er sýndur munur á þeirri fjárhæð sem sveitarfélagið myndi greiða viðkomandi fjölskyldum eftir því hvor leiðin er farin, hjá þeim fjölskyldugerðum er fjallað hefur verið um í dæmunum hér á undan. Einnig er sýndur mismunurinn á fjárhagsaðstoð eftir því hvorri aðferðinni er beitt. Í töflunni er hærri fjárhæðin feitletruð.

Tafla 16. Áætluð fjárhagsaðstoð sveitarfélaga leið a og b og mismunur þessar leiða

Fjölskyldugerðir	Fjárhagsaðstoð		Mismunur
	11. gr. a	11. gr. b	
2. Einhleypur tekjulaus	77.083 kr.	77.083 kr.	0 kr.
3. Barnlaus hjóna án tekna	123.333 kr.	123.333 kr.	0 kr.
4. Hjón, 1 barn, án tekna	125.777 kr.	123.333 kr.	2.444 kr.
5. Hjón, 1 barn, ½ atvinnulb. og án tekna	87.243 kr.	86.278 kr.	965 kr.
6. Hjón, 1 barn, ½ atvinnulb. og fullar atvinnulb.	10.174 kr.	12.168 kr.	1.994 kr.
7. Hjón, 2 börn, ½ atvinnulb. og 75% öryrki	0 kr.	12.165 kr.	12.165 kr.
8. Hjón, 3 börn ½ atvinnulb. og 75% öryrki	0 kr.	12.089 kr.	12.089 kr.
9. Hjón, 3 börn, engar tekjur	132.755 kr.	123.333 kr.	9.422 kr.
10. Einstæðir foreldrar, 3 börn, án tekna	42.028 kr.	77.083 kr.	35.055 kr.
11. Einstæðir foreldrar, 2 börn, án tekna	66.339 kr.	77.083 kr.	10.744 kr.
12. Einstæðir foreldrar, 1 barn, án tekna	91.085 kr.	77.083 kr.	14.002 kr.
13. Einstæðir foreldrar, 1 barn, ½ at.leysisbætur.	52.551 kr.	40.028 kr.	12.523 kr.
14. Einstæðir foreldrar, 2 börn, 75% öryrki	0 kr.	0 kr.	0 kr.